

Stjórn skólans hefur úrskurðarvald í kærumálum vegna prófa og getur vikið nemanda frá prófi fyrir brot á prófreglum.

Ráðuneyti skipar prófdómara í hverri prófgrein og ákveður laun þeirra. Skólastjórn gerir tillögu um skipun prófdómara.

Einkunnir skal færa í prófbók, sem undirrituð er af prófdómara og kennara, en skriflegar úrlausnir skulu geymdar minnst eitt ár frá því að prófi lauk.

Ráðuneyti tiltekur prófverkefni í samráði við skólastjóra.

Allar úrlausnir prófa, þar með taldar teikningar og önnur gögn, sem fylgja kunna, verða eign skólans. Honum er frjálst að nota þau við kennslu og sýningar, en má ekki ráðstafa þeim í hagnaðarskyni, nema með samkomulagi við alla þá, sem hlut eiga að máli.

15. gr.

Flutningur milli missira og hámarksnámstími.

Skráður nemandi, sem staðizt hefur missispróf, sbr. 12. gr., á rétt á að flytjast milli missira, þó ekki milli annars og þriðja missis, nema hann hafi staðizt fyrrihluta próf.

Nemandi, sem ekki hefur staðizt fyrrihluta próf innan þriggja ára eða síðarihluta próf innan fimm ára frá innritun, hefur fyrirgert rétti sínum til frekari prófbátttöku, nema sannað sé, að veikindi eða aðrar óviðráðanlegar orsakir hafi hindrað nám hans.

16. gr.

Prófskírteini.

Að loknu síðarihluta prófi fær nemandinn prófskírteini, sem staðfestir, að með fengnu leyfi ráðuneytis, megi hann kalla sig tæknifræðing í viðkomandi sérgrein, sbr. l. nr. 44/1963, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

Á prófskírteini skal skrá aðaleinkunn samkvæmt prófreglum sérgreinadeildar, sbr. 9. gr., og allar prófreinkunnir.

17. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 25/1963, um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. ágúst 1964.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um undirbúningsdeild undir tækninám.

1. gr.

Hlutverk.

Hlutverk deildarinnar er að búa nemendur undir inntökupróf í íslenska og erlenda tækniskóla.

2. gr.**Stjórn.**

Skólastjórn Tækniskóla Íslands annast stjórn deildarinnar.

3. gr.**Inntökuskilyrði.**

Skilyrði til inntöku í deildina eru, að umsækjandi hafi lokið fullgildu sveinsprófi *eða*

Að umsækjandi hafi lokið fullgildu gagnfræðaprófi *eða* öðru sambærilegu prófi og hafi í minnst eitt ár starfað við tækni-, iðnaðar- *eða* verksmiðjustörf á viðurkenndum vinnustað.

Deildin getur sett skilyrði um lágmarkseinkunn í einstökum greinum *eða* greinaflokkum og viðurkennir próf og starfsreynslu umsækjanda.

4. gr.**Kennsla.**

Kennt er á tveimur missirum, og er hvort um sig 120 kennsludagar að prófum meðtöldum. Fyrri missiri hefst um 1. september.

Kennslustund er 45 mínútur og fjöldi þeirra 36—40 á viku.

Halda má námskeið í sérstökum greinum utan venjulegs skólatíma með frjálsri þátttöku nemenda.

5. gr.**Námsefni.**

Kennt er samkvæmt eftirfarandi skrá, en deildin getur með samþykki menntamálaráðuneytis vikið þar frá, t. d. tekið upp nýjar greinir og fært til stundir milli kennslugreina innan þeirra marka, sem um getur í 4. gr.

Skrá yfir námsefni:

| Kennslugrein | Heildar- stundafjöldi |
|----------------------------------|--------------------------|
| Fyrri missiri | |
| Íslenzka | 40 |
| Danska | 120 |
| Enska | 100 |
| Þýzka | 100 |
| Reikningur | 80 |
| Stærðfræði | 260 |
| Eðlisfræði | 80 |
| | <hr/> |
| | Alls: 780 |
| Síðara missiri | |
| Íslenzka | 40 |
| Danska | 80 |
| Enska | 40 |
| Þýzka | 40 |
| Reikningur | 60 |
| Stærðfræði | 200 |
| Eðlisfræði | 120 |
| Efnafræði | 80 |
| Eðlis- og efnafræðiæfingar | 120 |
| | <hr/> |
| | Alls: 780 |

Gera skal ýtarlega greinargerð um námsefni og kröfur til nemenda í hinum einstöku kennslugreinum. Skal hún samþykkt af ráðuneyti og afhent nemendum í upphafi kennsluárs.

6. gr.

Einkunnir.

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0 til 10. Greini prófdómara og kennara á, hlýtur nemandi þá einkunn í heilli tölu, sem næst liggur meðaltali einkunna kennara og prófdómara.

Aðaleinkunn er meðaleinkunn, og skal reikna hana með einum tugstaf.

Aðaleinkunn 5.0—5.9 er III. einkunn, 6.0—7.2 II. einkunn, 7.3—8.9 I. einkunn og 9.0—10 ágætiseinkunn.

7. gr.

Missiris- og lokapróf.

Í lok fyrra missiris fer fram próf milli missira, en að loknu síðara missiri inn-tökupróf í tækniskóla, nefnt lokapróf. Deildin getur leyft próf á öðrum tíma vegna forfalla eða annarra sérstakra ástæðna.

Réttur til að ganga undir próf er bundinn við, að nemandinn hafi lokið tilskildum æfingum og skyndiprófum, sbr. 9. gr., og sýnt fullnægjandi kunnáttu og þroska í þeim námsgreinum, sem prófað er í. Sé svo ekki að dómi skólastjóra og kennara, má neita honum um prófþátttöku. Réttur til að ganga undir lokapróf er auk þess bundinn við, að nemandinn hafi staðizt missirispróf, sbr. 8. gr.

Halda skal námsferilsskrá, þar sem skráð er ástundun og hæfni nemandans í hinum einstöku námsgreinum á kennslumissirinu. Færslum í námsferilsbók skal lokið áður en próf hefjast.

Eigi má nemandi endurtaka próf oftar en tvisvar. Ráðuneyti getur þó veitt undanþágu, ef sérstaklega stendur á.

Við missirispróf tiltekur kennari prófverkefni og skólastjóri skipar prófdómara í hverri grein. Prófin eru munnleg eða skrifleg og prófað er samkvæmt eftirfarandi skrá. Úrlausnartími í skriflegum prófum er þrjár klukkustundir.

Prófgreinir:

Huggreinir:

| | |
|----------|-------|
| Íslenska | Enska |
| Danska | Þýzka |

Raungreinir:

| | |
|---------------|----------------|
| Reikningur | |
| Stærðfræði I | Stærðfræði III |
| Stærðfræði II | Eðlisfræði |

Gefin er ein einkunn fyrir hvert próf.

Við lokapróf skipar ráðuneyti einn prófdómara í hverri grein. Kennari tiltekur verkefni í huggreinum, en ráðuneyti í raungreinum: Prófin eru munnleg eða skrifleg, og er úrlausnartími skriflegra prófa fjórar klukkustundir.

Prófgreinir:

Huggreinir:

| | |
|----------|-------|
| Íslenska | Enska |
| Danska | Þýzka |

Raungreinir:

Reikningur

Stærðfræði I Eðlisfræði

Stærðfræði II Efnafræði

Gefin er ein einkunn fyrir hvert próf.

Halda skal prófbók, þar sem skáðar eru allar einkunnir við missiris- og lokapróf.

8. gr.**Prófköröfur.**

Til að standast missirispróf skal nemandinn hafa hlotið meðaleinkunn minnst 5.0 og auk þess minnst 5.0 að meðaltali í raungreinum.

Til að standast lokapróf þarf nemandinn að hafa hlotið minnst 6.0 að meðaltali í raungreinum, meðaleinkunn allra greina minnst 6.0 og enga einkunn í raungrein lægri en 3.0.

9. gr.**Skyndipróf.**

Í öllum bóklegum kennslugreinum skal hafa skyndipróf þrisvar á hverju missiri. Þau skulu haldin í venjulegri kennslustund og ekki tilkynnt fyrirfram.

Skólastjóri setur nánari reglur um framkvæmd skyndiprófa og árangur þeirra skal skrá í námsferilsskrá, sbr. 7. gr.

Verklegar æfingar eru undanskildar skyndiprófun, en kennari skal skrá einkunn í námsferilsskrá í lok kennslumissiris.

10. gr.**Utanskólanemar.**

Utanskólanemar geta sótt um leyfi til að ganga undir missiris- eða lokapróf. Umsóknin skal vera skrifleg. Henni skal fylgja greinargerð, sem sanni, að umsækjandinn hafi búið sig undir prófið á þann hátt, að líkur séu fyrir því, að hann standist það.

Hafi nemandi hlotið fyrri menntun, sem að dómi deildarinnar gerir setu á fyrra missiri óþarfa, má veita honum aðgang að námi síðara missiris án missirisprófs. Ekki má þó hafa liðið lengri tími en eitt ár frá því, að slíkrar menntunar var aflað.

11. gr.**Prófskirteini.**

Prófskirteini fá þeir, sem staðizt hafa lokapróf. Á það skal skrá allar einkunnir, sem nemandinn hefur hlotið á lokaprófi.

12. gr.**Gildistaka.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í l. nr. 25/1963, um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. ágúst 1964.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.